

Alþingi

Erindi nr. Þ 120/851

komudagur 22/2 1996

Alþingi, Nefnadeild  
Þórshamri við Templarasund  
150 Reykjavík  
bt. Allsherjarnefnd Alþingis

Reykjavík 21.02.96

Allsherjarnefnd Alþingis,  
Sólveig Pétursdóttir, formaður

Ég undirrituð er gift pólskum manni Lech Pajdak sem nú er íslenskur ríkisborgari og heitir því Lech Róbert Pajdak. Við hjónin eigum þrjá syni, tveir þeirra fæddust áður en Lech var íslenskur ríkisborgari og geta því notað ættarnafn sitt Pajdak, en sá yngsti þarf að hafa eftirnafnið Róbertsson. Sem gefur að skilja er ég mjög óánægð með að þeir beri ekki allir eftirnafnið Pajdak, þar sem þeir eru albræður. Ég hef hringt í dómsmálaráðuneytið nokkru sinnum en þar er mér sagt að fleiri hafi kvartað, en það væri búið að leggja þetta fyrir Alþingi. Nú er rúmt tvö ár frá því ég hringdi fyrst og enþá hefur ekkert breist og ég hef ekkert heyrt fjallað um þetta á þingi. Ég vonast til að þetta frumvarp verði lagt fyrir þingið sem fyrst, þannig að yngsti sonur okkar hafi sama eftirnafn og bræður sínir áður en hann hefur vit á að hann hafi ekki eftirnafnið Pajdak.

Virðingarfyllst,

Sigríður Halldórsdóttir



Sigríður Halldórsdóttir

Holtasel 24

109 Reykjavík

s. 5670257